

Húseigandatrygging atvinnurekstrar

Skilmáli nr. E-26

Almennt:

Þessi vátrygging er samansett af tveimur vátryggingum:

- Húseigendatryggingu:** vátryggir ýmsar áhættur, önnur en brunatjón, sem getur valdið tjóni á húseign vátryggingartaka.
 - Ábyrgðartryggingu húseiganda:** vátryggir húseiganda fyrir skaðabótakröfum sem geta risið vegna húseignarinnar.
- Vátryggingin samanstendur af tveimur skjölum. Annars vegar vátryggingarskírteini sem er persónubundið við hvern vátryggingartaka fyrir sig og hins vegar þessi skilmáli.
- Vátryggingin, bótasvið hennar og almenn skilyrði eru afmörkuð í þessum skilmála. Það er því mikilvægt að kynna sér efni skilmálans og vátryggingarskírteinisins. Ef misræmi eða villa kemur fram á þessum skjölum er mjög mikilvægt að láta félagið vita sem fyrst.

Skilgreiningar:

Til að auðvelda lestur skilmálans og koma veg fyrir misskilning eða óvissu þá gilda eftirfarandi skilgreiningar á tilteknum orðum í öllum skilmálanum og merkja alltaf það sama.

Félagið: Merkir Vörður tryggingar hf.

Vátryggingartaki: Sá einstaklingur sem tekur vátrygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

Vátryggður: Þinglýstur eigandi húseignarinnar.

Húseign: Húseign og almennt fylgifé þess. Við það skal miðað að húseign séu þau verðmæti sem tiltekin eru í brunabótamati húseignarinnar. Girðingar, pallar, stéttir, fánastangir og önnur sambærileg verðmæti fyrir utan útveggi teljast ekki til húseignar í skilningi þessa skilmála nema um það sé sérstaklega samið og þess getið í vátryggingarskírteini.

Vátryggingarfjárhæð: Sú fjárhæð sem tiltekin er á vátryggingarskírteini sem hámarksbætur fyrir hvern vátryggingarlið fyrir sig.

Mikilvægt:

Það bótasvið sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Ef vátryggingartaki eða vátryggður verður fyrir tjóni eða óhappi sem ekki telst bótaskyldt í skilmálanum þá nær vátryggingin ekki yfir það.

1. kafli. Húseignin

1. gr. Hvað er vátryggt

Vátryggingin tekur til húseignar þeirrar eða hluta húseignar sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Bótasvið

Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum:

- vökva sem óvænt og skyndilega streymir fram og á upptök sín innan útveggja og botnplötu húseignarinnar vegna bilunar eða mistaka. Vátryggingin greiðir kostnað við uppbrot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbrot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki. Tjón er orsakast af leka úr leiðslum í sameign eða sameiginlegum leiðslum bætast í hlutföllum við eignarhluta vátryggingartaka í húseigninni. Undanþegið bótaskyldu er niðurbætur eða hvers kyns spilling vökva úr handílátum, hvort sem slíkt gerist fyrir mistök eða bilun. **Varúðarregla: Í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti;**
- yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá. Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á tjónssvæðinu af völdum úrhellis- og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað. Tjón vegna utanaðkomandi vatns frá þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns bætast ekki. **Varúðarregla: Vátryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka;**
- frostsprungna á innanhúss vatnsleiðslukerfi hins vátryggða sem verður við það að hitakerfi hússins bílar óvænt og skyndilega;
- innbrots eða innbrotstilraunar. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni;
- brots á venjulegu sléttu og glæru rúðugleri en eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreypt eða því er á annan hátt endanlega fyrir komið á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Gler sem rispast eða flísast úr telst ekki vera brotið í skilningi þessa skilmála. Móða milli glerja bætist ekki. Skreytingar og annað sem eykur verðgildi glers þarf að vátryggja sérstaklega;
- sótfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndum kynditækjum eða eldstæðum. Ekki er bætt tjón af sóti eða reyk sem orðið hefur smám saman við notkun;
- skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg húseignarinnar. Ekki eru bætt tjón af völdum snjóflóða, né heldur tjón sem er afleiðing af byggingargalla;
- óveðurs. Það er óveður í skilningi þessa skilmála þegar vindhraði nær 30 m/s. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu

vátryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað. Tjón á hinu vátryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins;

- 2.9 hafi íbúðarhúsnæði skemmt af bótaskyldum tjónsatburði sem tilgreindur er í vátryggingu þessari eða lögboðinni brunatryggingu og sé viðgerð svo umfangsmikil að óhjákvæmilegt reynist að flytja úr húsnæðinu, á meðan á viðgerð stendur yfir, greiðir félagið bætur sem nema meðalleigu sambærilegs húsnæðis að stærð og ástandi á þeim stað og tíma sem um er að ræða í allt að 6 mánuði frá tjónsdegi. Bætur greiðast þó ekki lengur en sem svarar eðlilegum viðgerðartíma með tilliti til skemmda. Bætur fyrir hvern mánuð takmarkast við 0,8 % af brunabótamati húseignarinnar. Bætur samkvæmt þessum lið greiðast aðeins ef önnur vátrygging tekur ekki til tjónsins;
- 2.10 brots eða hruns á loftklæðningum eða naglföstum innréttingum hinnar vátryggðu húseignar vegna skyndilegrar og óvæntrar bilunar.
- 2.11 brots á keramikhelluborði vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar eftir að því hefur verið komið fyrir á endanlegum stað í innréttingu. Eingöngu greiðast bætur fyrir keramikhelluborði sjálfst en ekki kostnaður við að skipta um það. Tjón vegna þess að keramikhelluborð rispast eða flísast upp úr því, bætist ekki.
- 2.12 brots á fastengdum hreinlætistækjum sem teljast hluti hinnar vátryggðu fasteignar, s.s. vöskum, baðkerum, salernisskálum og vatnskössum enda hafið tjónið orðið vegna skyndilegs og óvænts utanaðkomandi atburðar. Ekki eru bættir fylgihlutir sem hægt er að nota aftur, s.s. salernissetur og kranar. Eingöngu greiðast bætur fyrir hreinlætistækni sjálfst en ekki kostnaður við að skipta um. Bætur miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem brotnuðu. Ekki eru greiddar bætur fyrir rispur eða aðrar skemmdir sem ekki geta talist brot.

3. gr. Nánari afmörkun bótasviðs

Vátryggingin bætir ekki:

- 3.1 tjón vegna utanaðkomandi vatns, s.s. grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra að öðru leyti en tiltekið er í grein 2.2;
- 3.2 tjón vegna vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst en þó með þeirri undantekningu að slíkt er bótaskyldt ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss;
- 3.3 tjón vegna grunnlagna sem eru missignar, morknar eða hafa á annan hátt hrörnað af notkun eða ónógri undirbyggingu;
- 3.4 tjón vegna sigs á grunni húseignarinnar, s.s. vegna útskolunar á jarðvegi;
- 3.5 tjón á loftnetum, fánastöngum, girðingum eða gróðri;
- 3.6 tjón sem er bótaskyldt úr brunatryggingu húseignarinnar;
- 3.7 tjón á þeim hlut er veldur tjónsatviki vegna vökvaútstreymis, s.s. rör (miðstöðvar-, vatns- eða frárennislirör), ofnar eða tæki.

4. gr. Vátryggingarfjárhæð – eigin áhætta

Vátryggingarfjárhæð er miðuð við brunabótamat húseignar eða húseignarhluta og nemur fjárhæð þeirri er kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í tjónstilfelli ber vátryggður í eigin áhættu þá fjárhæð er kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

5. gr. Ákvörðun bóta

- 5.1 Tjónsbætur samkvæmt þessari vátryggingu miðast við enduröflunarverð á sambærilegum hlutum og þeim sem skemmt hafa eða eyðilagst. Miðað er við að fjárhags- eða eignastaða vátryggðs sé hin sama fyrir tjón og eftir.
- 5.2 Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.
- 5.3 Við greiðslu tjóns á parketi sem er eldra en 5 ára hefur félagið heimild til að draga frá bótum 5% fyrir hvert aldursár umfram 5. ár. Þessi aldursfrádráttur getur þó aldrei orðið meiri en 70%.

2. kafli. Ábyrgðartrygging húseiganda

1. gr. Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd **sakarregla** og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Vakin er athygli á að húseigendur bera víðtækari bótaábyrgð en að ofan greinir vegna bilana á búnaði séreignar og lagna. Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi vátryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína verði hann krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa skilmálann með þetta í huga. Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

2. gr. Bótasvið

- 2.1 Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta er vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun greinir.
- 2.2 Félagið getur því aðeins orðið bótaskyldt að tjónið baki vátryggðum fébótaábyrgð sem eiganda hússins eða sameiganda þess með öðrum, og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
- 2.3 Kostnaður við málsvörn sem félagið hefur samþykkt að fram fari.

3. gr. Vátryggingin bætir ekki:

- 3.1 tjón á munum sem hinn vátryggði hefur til afnota til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu;
- 3.2 tjón á munum sem vátryggður hefur tekið ófrjálsri hendi;

- 3.3 skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyki, sóti eða sprengingu;
- 3.4 sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál;
- 3.5 endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum sambærilegum opinberum stofnunum;
- 3.6 tjón sem verður sökum mengunar loftslags, jarðar, vatns eða sjávar nema slíkt tjón stafi af einum, skyndilegum, ákveðnum atburði. Hið sama gildir um tjón á hlutum af völdum slíkrar mengunar. Félagið bætir ekki tjón sem stafar af langvarandi raka eða leka.
- 4. gr. Vátryggingarfjárhæð – vátryggingartímabil – eigin áhætta**
- 4.1 Hámarks vátryggingarfjárhæð í hverju tjóni er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist.
- 4.2 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu vátryggðs enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sé vátryggingarfjárhæð lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.
- 4.3 Ábyrgðartryggingin tekur til atvika sem eiga sér stað á vátryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrir en síðar.
- Vátryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en vátryggingin er tekin.
- 4.4 Í hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 5. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu**
- 5.1 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum vátryggða hefur félagið fyrirvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.
- 5.2 Félagið er ekki bundið af því ef vátryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að vátryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.
- 6. gr. Viðhald húseignar**
- Við breytingar á áhættu vegna verklegra framkvæmda, viðhalds eða endurbóta á húseign þar sem kostnaður fer fram úr 5% af brunabótamati eignarinnar, skal vátryggingartaki gera félaginu aðvart og greiða viðbótariðgjald samkvæmt iðgjaldaskrá félagsins.
- Jafnframt skal greiða viðbótariðgjald þegar vinnupallar eru notaðir við aðra viðhaldsvinnu. Misbrestur á þessu getur valdið takmörkun ábyrgðar félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

3. kafli. Almenn skilyrði

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar vátryggingar eftir því sem við á.

- 1. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur**
- 1.1 Vátrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt vátryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar vátryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldkögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.
- 1.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörðun, þar sem greiðsla er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Vátryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátrygging var í gildi.
- 1.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 1.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 1.5 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast vátryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé vátryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu vátryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Vátryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrir en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun vátryggingarinnar .
- 1.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp vátryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.
- 2. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka**
- 2.1 Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings ber vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um vátryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber vátryggingartaka, og eftir atvikum vátryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 2.2 Skýri vátryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum er skipta máli um áhættu félagsins eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 3. gr. Varúðarreglur- Áhættuaukning**
- Vátryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.**
- 4. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi vátryggðs**
- 4.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings vátryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.

4.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. laga nr. 30/2004. Þetta gildir ekki um ábyrgðartryggingar.

5. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

5.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst eða hætt er á því að það gerist ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlæt看leg. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sama gildir ef váttryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin nái til verði gerð á hendur honum.

5.2 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.

5.3 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum.

6. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp þessum váttryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

6.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.

6.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 60/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.

6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs hlutar, starfsemi váttryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingatímabilsins.

6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:

6.3.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;

6.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;

6.3.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;

6.3.4 ef alvarlegur trúnaðarbrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.

7. gr. Tvítrygging - undirtrygging - tjón á váttryggingartímabilinu

7.1 Séu hagsmunir þeir sem váttryggðir eru í þessari váttryggingu jafnframt váttryggðir í annarri váttryggingu hjá félaginu ræður váttryggður hvaða váttrygging greiðir tjónið. Sé í gildi váttryggingarsamningur hjá öðru váttryggingarfélagi greiðir þessi váttrygging hlutfallslegar bætur eftir ábyrgð hvers félags um sig.

7.2 Félagið greitt tjón úr váttryggingunni á váttryggingartímabilinu lækkar váttryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá tjónsdegi til loka váttryggingartímabils nema greitt sé hlutfallslegt aukaiðgjald það sem eftir lifir tímabils.

8. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

9. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum. Þá bætir váttryggingin ekki tjón af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

10. gr. Vísitala- vextir af tjónskröfum

10.1 Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluserðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

10.2 Váttryggður á rétt á almennum vöxtum af tjónskröfu sinni þegar liðnar eru tveir mánuðir frá því að tilkynning um váttryggingarþurð var sendur félaginu. Vextir eru þeir sömu og reiknast á almennar skaðabætur skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

11. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga til þess að slíta váttryggingarsamningunum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

12. gr. Samsöllum

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn váttryggðs hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. reglu b-liðar, 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

13. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gilda um váttryggingarsamning þennan lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

14. gr. Heimili - Varnarþing - Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2010